

D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands vestra 26. nóvember 2013 í máli nr. E-16/2013:

A

(Margrét Gunnlaugsdóttir hrl.)

gegn

B

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hrl.)

og D

(Hilmar Gunnarsson hdl.)

I

Mál þetta, sem tekið var til dóms 29. október sl., var höfðað með stefnu áritaðri um birtingu 14. mars sl. og birtri 17. sama mánaðar.

Stefnandi er A til heimilis að [...].

Stefndu eru B, [...], og D, [...].

Dómkröfur

Stefnandi krefst þess aðallega að stefndu verði, in solidum, gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð 2.500.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 11. janúar 2011, en dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá 6. ágúst 2012. Til vara krefst stefnandi miskabóta sem ákveðnar verði að álitum. Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu auk álags er nemi virðisaukaskatti og hann verði ákvarðaður eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál.

Stefnda B krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda en til vara lækkunar á dómkröfum stefnanda. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnanda og að við ákvörðun hans verði tekið tillit til virðisaukaskatts.

Stefndi D krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hennar samkvæmt málskostnaðarreikningi.

II

Málavextir

Hinn 19. janúar 2010 var haldinn fyrirlestur í E á F á vegum [...]samtakanna. Stefnandi, sem þá var nemandi í 10. bekk í skólanum, sótti fundinn. Að fundinum loknum hafði hún tal af fyrirlesaranum, G, vegna persónulegra hugleiðinga sinna. Að þeim fundi loknum áttu stefnandi og stefnda B stuttan fund með G. Úr varð að stefnandi sendi fyrirlesaranum dagbók, á rafrænu formi, sem hún hafði ritað með fyrimælum um að heimilt væri að senda brot eða samantekt úr dagbókinni til tveggja nafngreindra aðila, sem voru annars vegar fræðslustjóri og hins vegar tómsfundafulltrúi skólans. G mun hafa sent dagbókina í heild til stefndu B en hann taldi sig ekki hafa möguleika á að fylgja þessu máli eftir á nokkurn hátt og því talið rétt að setja málið í heild sinni í hendur skólastjóra.

Í maímánuði 2010 kærði stefnandi eiginmann stefndu B fyrir kynferðisbrot sem hann átti að hafa framið gegn henni á heimili stefndu. Í framhaldi af kærinni var gefin út ákæra á hendur eiginmanni stefndu. Í greinargerð stefndu B er því lýst að hún hafi, vegna þess að hún var eiginkona ákærða, móðir vitnis, skólastjóri í skóla kæranda og vinkona móður hennar, sett sig í samband við ríkissaksóknara til að fá leiðbeiningar um lagalega stöðu sína. Ríkissaksóknari fór síðan, með bréfi dagsettu 4. janúar 2011, þess á leit við E að fá afhenta dagbók stefnanda og vísaði í því efni til 1. mgr. 135. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Stefnda B varð við þessari beiðni og svo fór að dagbókin var lögð fram í sakamálinu á hendur eiginmanni hennar gegn andmælum réttargæslumanns stefndu. Málinu á hendur eiginmanni stefndu lauk með sýknudómi sem kveðinn var upp í Hæstarétti Íslands [...].

III

Málsástæður og lagarök

Af hálfu stefnanda er á því byggt að meðferð stefndu B á einkamálefnum stefnanda sé alvarlegt brot á grunnreglu um friðhelgi einkalífs sem varin sé af 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Stefnda hafi í starfi sínu sem skólastjóri brotið trúnaðarskyldu sína gagnvart nemanda sem sé brot á 12. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Stefnda hafi með þeirri háttsemi sinni að taka við dagbókartextanum, hafa hann í vörslum sínum, upplýsa um innihald hans og að lokum afhenda hann ríkissaksóknara brotið gegn lögum um persónuvernd, enda geymi texti dagbókarinnar viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi 9. gr. laganna.

Meðferð stefndu á dagbókartextanum hafi falið í sér ólögmæta meingerð í garð stefnanda sem hún beri ábyrgð á í skilningi b-liðar 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 en meingerðin hafi valdið stefnanda miska. Við mat á fjárhæð bóta beri að líta til þess að brotið er alvarlegt að teknu tilliti til sambands stefndu B og stefnanda, sem þá var 15 ára gamall nemandi í skóla sem stefnda B var í forsvari fyrir. Þá sé brotið einnig alvarlegt þegar horft er til þess að um viðkvæmar persónuupplýsingar ungrar manneskju var að ræða. Einnig verði að horfa til ásetnings stefndu B sem hafi haft einkahagsmuni í huga en með framferði sínu hafi hún viljað draga úr trúverðugleika stefnanda og meiða æru hennar.

Stefnandi byggir á því að stefndi D beri ábyrgð á störfum skólustjóra E á grundvelli 5. gr. laga nr. 91/2008 sem og 1. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Um starfsskyldur skólustjóra í starfi fari síðan eftir gildandi kjarasamningi milli sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólustjórafélags Íslands. Stefnda hafi með framkomu sinni brotið gegn starfsskyldum sínum, skv. kafla 14.11 í nefndum kjarasamningi sem m.a. fjallar um þagnarskyldu skólustjóra í starfi og skyldu til að gæta réttssýni í starfi sínu.

Þá heldur stefnandi því einnig fram að stefnda B hafi verið vanhæf til að taka ákvörðun um afhendingu dagbókartexta í eigu nemanda, þar sem málið varðaði ákæru á hendur eiginmanni hennar. Vísar stefnandi í þessu efni til 1. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. og 2. mgr. 2. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993. Framferði stefndu hafi verið ósamrýmanlegt starfi hennar sem varði áminningu í skilningi kafla 14.8 í áðurgreindum kjarasamningi. Stefndi D beri, með vísan til meginreglna skaðabótaréttar um vinnuveitendaábyrgð, ábyrgð á ólögumætri meingerð sem starfsmaður hans fremur í starfi. Þá vísar stefnandi til 5. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla en þar komi fram að sveitarfélög beri ábyrgð á rekstri almennra grunnskóla og taki ábyrgð á starfsemi þeirra. Í ákvæðinu komi einnig fram að innan ramma þess falli ábyrgð á öflun og miðlun upplýsinga.

Varðandi lagarök vísar stefnandi til skaðabótalaga nr. 50/1993 og meginreglna skaðabótaréttar. Krafa um málskostnað úr hendi stefndu er reist á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. einkum 129. og 130. gr. laganna. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988.

Af hálfu stefndu B er sýknukrafa reist á því að henni hafi verið skylt að afhenda ríkissaksóknara dagbók stefnanda. Vísar hún í því sambandi til 1. mgr. 135. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Þannig liggja fyrir að ef hún hefði ekki afhent dagbókina hefði ríkissaksóknara verið skylt að afla hennar með úrskurði dómara. Það hafi því verið óhjákvæmilegt að dagbókin yrði hluti málgagna í sakamálinu á hendur eiginmanni hennar hvað sem líði afstöðu stefndu eða annarra stjórnenda E til afhendingar dagbókarinnar. Á þeim tíma sem ríkissaksóknari krafðist afhendingar á dagbókinni hafi ekki legið fyrir hvaða vægi dagbókin gæti haft sem sönnunargagn í sakamálinu og óljóst hvort hún myndi stuðla að sakfellingu eiginmanns stefndu eða sýknu. Ríkissaksóknari hafi talið hugsanlegt að dagbókin gæti haft vægi í sakamálinu og því krafist þess að hún yrði afhent. Stefnda heldur því fram að mat ríkissaksóknara hafi verið rétt eins og fram kemur í forsendum dóms Hæstaréttar í máli nr. [...]. Að sama skapi verði að ætla að héraðsdómur hafi talið að efni dagbókarinnar gæti skipt máli varðandi niðurstöðu sakamálsins ella hefði framlagningu dagbókartextans verið hafnað. Í þessu efni bendir stefnda á að ríkissaksóknari hafi sent héraðsdómi dagbókina til skoðunar nokkrum dögum áður en hún var lögð fram sem sönnunargagn í málinu. Stefnda heldur því fram að öflun ríkissaksóknara á dagbókinni hafi verið til þess fallin að stuðla að réttari niðurstöðu í sakamáli sem leiði til þess að sýkna beri stefndu í máli þessu.

Stefnda skilur kröfugerð stefnanda þannig að stefnandi telji að hún hafi orðið fyrir tjóni með því að stefnda hafi tekið við dagbókinni, geymt hana í vörslum sínum,

upplýst um innihald hennar og afhent hana ríkissaksóknara.

Stefnda vísar til þess að G hafi sent stefndu dagbókina með samþykki stefnanda til þess að hægt væri að veita stefnanda þá aðstoð sem hún þyrfti. Stefnda hafi þannig haft samþykki stefnanda fyrir viðtöku dagbókartextans og þar af leiðandi geti viðtakan ekki bakað stefndu bótaskyldu. Af þessu leiði síðan að vörslur stefndu á textanum geti ekki bakað henni bótaskyldu.

Stefnda heldur því fram að hún hafi upplýst fræðslustjóra að hluta til um efni dagbókarinnar og það hafi verið gert með samþykki stefnanda og móður hennar. Þá hafi stefnda rætt málið við móður stefnanda eins og henni var skylt lögum samkvæmt. Aðstoðarskólastjóri, umsjónarkennari stefnanda og forstöðumaður félagsmiðstöðvar hafi verið upplýstir um að líðan stefnanda væri ekki í alla staði góð og þessir aðilar beðnir um að fylgjast vel með stefnanda. Enginn þessara aðila hafi hins vegar verið upplýstur um efni dagbókarinnar heldur hafi þeim verið veittar almennar upplýsingar til að geta fylgst með líðan stefnanda. Af þessu verði ráðið að stefndi hafi gætt hagsmuna stefnanda í hvívetna og farið að lögum auk þess sem hún hafði fullt samráð við stefnanda og móður hennar á þessum erfiðu tímum í lífi stefnanda.

Stefnda segir stefnanda vísa til margvíslegra lagaraka máli sínu til stuðnings, m.a. 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, 12. gr. laga um grunnskóla, 9. gr. laga um persónuvernd, 1. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga, 2. mgr. 2. gr. stjórnsýslulaga og b-liðar 26. gr. skaðabótalaga. Stefnda telur sig ekki hafa brotið gegn neinu af þessum lagaákvæðum.

Ekki verði séð að hún hafi brotið gegn stjórnarskrárvörðum rétti stefnanda til friðhelgi einkalífs. Stefndi hafi sjálfur kosið að koma dagbók sinni á framfæri við tiltekna einstaklinga og samþykkt að aðrir fengju hana í hendur. Dagbókin hafi síðar verið lögð fram í sakamáli sem flutt var fyrir luktum dyrum og þar af leiðandi hafi allir sem að því máli komu verið bundnir þagnarskyldu og trúnaði um það sem þar fór fram. Enginn hafi rofið þann trúnað en stefndi og móðir hennar hafi síðar kosið að gera dagbókina og tilvist hennar í sakamálinu að sérstöku umtalsefni í opnuviðtali í DV. Stefnda bendir á að dagbækur brotaþola hafi verið lagðar fram í fjölmörgum sakamálum án þess að nokkrum hafi dottið í hug að höfða skaðabótamál af þeim sökum. Af hálfu stefndu er vísað til þess að 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar feli í sér heimild til að takmarka friðhelgi einkalífs ef brýna nauðsyn beri til vegna réttinda annarra og slík heimild sé í 1. mgr. 135. gr. sakamálalaga.

Stefnda hafnar því að hafa brotið gegn 12. gr. laga um grunnskóla og vísar í því efni til þess sem áður er rakið um samþykki stefnanda og skyldu stefndu til að afhenda dagbókina að kröfu ríkissaksóknara. Þá bendir stefnda á að þagnarskylda nái ekki til atvika sem tilkynna ber lögum samkvæmt og telur vafalaust að mikilvæg sönnunargögn í sakamáli falli þar undir.

Stefnda hafnar því jafnframt að lög um persónuvernd eigi við um sakarefnið en verði svo talið vísar stefnda til 1., 2. og 7. töl. 1. mgr. 9. gr. laganna sem þá beri að horfa til varðandi þetta mál. Stefnda hafnar því að hæfisreglur 1. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga og 2. mgr. 2. gr. stjórnsýslulaga eigi hér við, enda ekki um stjórnvaldsákvörðun að ræða heldur afhendingu á gögnum að kröfu æðsta handhafa

ákærvalds í landinu samkvæmt skýrum ákvæðum laga. Hér hafi því ekki verið um matskennda ákvörðun að ræða og því ekkert svigrúm til mats. Hæfisreglur stjórnarsýslu- og sveitarstjórnarlaga snerti sakarefni máls þessa ekki á nokkurn hátt.

Allt þetta leiði til þess að telja verði sannað að stefnda hafi ekki gerst sek um ólögsmæta meingerð í garð stefnanda samkvæmt b-lið 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og af því leiði að stefnandi eigi ekki rétt á miskabótum úr hendi stefndu. Stefnandi hafi ekki gert neina tilraun til þess í stefnu að færa sönnur á miska stefnanda og þá sé bótakrafan og fjárhæð hennar órökstudd. Hið sama megi segja um vaxta- og dráttarvaxtakröfu stefnanda sem séu órökstuddar og ekki verði séð hvers vegna stefnandi krefjist vaxta frá 18. janúar 2011 og dráttarvaxta frá 6. ágúst 2012.

Stefndi telur stefnanda ekki byggja málsókn sína á almennu skaðabótareglunni eða sakarreglunni enda verði slíkt ekki ráðið af stefnu. Stefnan beri ekki með sér hver bótagrundvöllur málsins sé og því sé erfitt fyrir stefndu að halda uppi vörnum í málinu. Það sé í verkahring stefnanda að sanna saknæma og ólögsmæta háttsemi stefndu, orsakatengsl milli háttseminnar og tjóns stefnanda, að tjónið sé sennileg afleiðing af háttsemi stefndu og loks að færa fram sönnur fyrir því að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni og þá hver fjárhæð tjónsins sé. Um þessi grundvallaratriði málsins sé stefnan afar fátækleg og úr því verði ekki bætt undir rekstri málsins. Allt þetta leiðir, að mati stefndu, til þess að sýkna beri hana af kröfum stefnanda. Þá telur stefnda það einnig koma til greina að vísa málinu frá dómi án kröfu.

Stefnda reisir kröfu sína um málskostnað úr hendi stefnanda á 129. og 130. gr. laga um meðferð einkamála og kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun á lögum nr. 50/1988 en stefnda sé ekki virðisaukaskattsskyld og því beri henni nauðsyn til þess að fá dóm fyrir virðisaukaskatti úr hendi stefnanda.

Stefndi D reisir kröfu sína um sýknu á því að skilyrði til greiðslu miskabóta samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 séu ekki uppfyllt. Stefnandi byggir á því að meðstefnda B hafi brotið gegn friðhelgi einkalífs stefnanda með því að taka við dagbókartextanum, geyma hann í vörslum sínum, upplýsa um innihaldið og að lokum afhenda hann til ríkissaksóknara.

Stefndi bendir á að G hafi sent meðstefndu, skólastjóra skóla stefnanda, textann vegna þess að hann hafi haft áhyggjur af líðan stefnanda. Meðstefndu hafi því verið skylt að kynna sér textann og leggja mat á hvort tilefni væri til þess að bregðast við því sem þar kom fram. Af þessum sökum mótmælir stefndi því að meðstefnda hafi brotið gegn friðhelgi einkalífs stefnanda með því að taka við dagbókartextanum.

Meðstefnda andmæli því að hún hafi upplýst ríkissaksóknara um hvað kom fram í dagbókartextanum og þar af leiðandi geti stefnandi ekki átt rétt á miskabótum á þeim grundvelli að meðstefnda hafi upplýst ríkissaksóknara um innihald dagbókarinnar.

Stefndi vísar til þess að meðstefnda hafi greint ríkissaksóknara frá tilvist dagbókarinnar í tilefni af kæru stefnanda á hendur eiginmanni meðstefndu. Ríkissaksóknari hafi talið dagbókina geta haft sönnunargildi í sakamálinu á hendur

eiginmanni meðstefndu og því krafist þess að meðstefnda afhenti dagbókina. Meðstefnda hafi því afhent dagbókina að frumkvæði ríkissaksóknara og í krafti valdheimilda ríkissaksóknara, skv. 135. gr. sakamálalaga. Stefndi byggir á því að óumdeilt sé að ríkissaksóknari hafi haft valdheimild til að leggja hald á dagbókarskrif stefnanda, hefði meðstefnda neitað að afhenda dagbókina. Þetta leiði til þess að afhending dagbókarinnar getur ekki talist brot gegn friðhelgi einkalífs stefnanda.

Stefndi mótmælir því einnig að meðstefnda hafi „í þágu einkahagsmuna“ upplýst embætti ríkissaksóknara um tilvist dagbókarinnar „í þeim tilgangi að draga úr trúverðugleika stefnanda og ærumeiða hana“, eins og haldið er fram í stefnu. Stefndi heldur því fram að stefnanda hafi verið skylt að upplýsa lögreglu um dagbókarskrif sín þegar hún lagði fram kæru á hendur eiginmanni meðstefndu. Stefndi telur að meðstefndu hafi verið siðferðis- og borgaralega skylt að greina lögreglu frá tilvist og efni dagbókarinnar, þar sem stefnandi hafi vanefnt þá skyldu sína að greina frá henni. Því sé fráleitt að stefnandi geri kröfu um miskabætur vegna athafna sem hún vanefndi. Í þessu sambandi leggur stefndi áherslu á að dagbókarskrif stefnanda höfðu áhrif á það að eiginmaður meðstefndu var sýknaður í sakamálinu. Stefnandi geti ekki átt rétt á miskabótum vegna athafna sem leiddu til þess að saklaus maður var ekki sakfelldur.

Stefndi krefst þess, verði talið að stefnandi eigi rétt til miskabóta, að hann verði sýknaður á þeim grundvelli að hann beri ekki vinnuveitendaábyrgð á athöfnum meðstefndu í tengslum við dagbókarskrif stefnanda en athafnir meðstefndu í tengslum við dagbókina hafi ekki haft nein tengsl við starf hennar hjá E. Það leiði síðan til þess að stefndi geti ekki borið ábyrgð á þeirri háttsemi.

Stefndi mótmælir sérstaklega dráttarvaxtakröfu stefnanda en krafa um miskabætur hafi fyrst verið sett fram í stefnu sem leiði til þess að stefnandi geti ekki átt rétt til dráttarvaxta frá 6. ágúst 2012. Loks tekur stefndi undir sýknuástæður meðstefndu B eftir því sem þær eiga við um hann.

Krafa um málskostnað úr hendi stefnanda er reist á 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Varakrafa um lækkun dómkrafna er reist á því að krafa stefnanda sé úr hófi fram og ekki í samræmi við dómafordæmi Hæstaréttar um ákvörðun miskabóta. Annars er varakrafan reist á sömu málsástæðum og aðalkrafan.

IV

Niðurstaða

Af stefnu verður ráðið að krafa stefnanda um miskabætur úr hendi stefndu er reist á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga og á því byggt að stefnda B hafi gerst sek um ólögmeata meingerð gegn friði og æru eða persónu stefnanda með því að taka við dagbókartexta stefnanda, geyma textann í vörslu sinni, upplýsa um innihald hans og að lokum afhenda hann ríkissaksóknara. Á þessari háttsemi stefndu B beri stefndi D ábyrgð sem vinnuveitandi hennar.

Samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 er heimilt að láta þann, sem ábyrgð ber á ólögmætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns, greiða miskabætur til þess sem misgert er við. Í skýringum í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því, sem varð að nefndum skaðabótalögum, segir að í skilyrðinu um „ólögmæta meingerð“ felist að um saknæma hegðun sé að ræða. „Gáleysi myndi þó þurfa að vera verulegt til þess [að] tjónsatvik yrði talin ólögmæt meingerð.“ Í réttarframkvæmd hefur verið við það miðað að lægstu stig gáleysis uppylli ekki kröfu þessa ákvæðis um ólögmæta meingerð. Við úrlausn málsins verður að hafa þetta í huga.

Óumdeilt er að G sendi hinn 19. janúar 2010 stefndu B dagbók sem stefnandi hafði ritað á rafrænu formi. Þetta gerði hann í framhaldi af fundi sem hann hafði átt með stefnanda og stefndu B. Fyrir dóminum bar G að ástæða þess að hann sendi stefndu B dagbókina hafi verið sú að hann hafi ekki getað aðstoðað stefnanda með hennar persónulegu mál en að hans mati var nauðsynlegt að hún fengi faglega aðstoð. Hann hafi upplýst stefnanda um að hennar mál væru komin í hendur stefndu B. Hann hafi alltaf litið svo á að málið væri úr hans höndum og að hann hafi sinnt skyldu sinni með því að láta það í hendur stefndu B. Hann kvaðst hafa metið það svo að til þess að unnt væri að hjálpa stefnanda yrði stefnda B að sjá dagbókina. Hann hafi upplýst stefndu B um að hann hafi greint stefnanda frá því að hennar mál væru nú í höndum stefndu B. Vitnið bar að engin önnur gögn hafi verið í málinu en dagbókin. Af þessu má ráða að títtnefnd dagbók barst stefndu B í tölvupósti frá vitninu G, sem taldi nauðsynlegt, í þeim tilgangi að aðstoða stefnanda, að stefnda B fengi dagbókina í sínar hendur. Ekki verður ráðið að móttaka stefndu B á dagbókinni hafi verið saknæm eða ólögmæt.

Undir rekstri málsins hélt stefnandi því fram að stefndu B hafi borið, eftir að dagbókin var komin í hennar hendur, að afla samþykkis stefnanda fyrir því að hún hefði dagbókina í sínum vörslum. Horfa verður til þess að á þeim tíma sem stefnda fékk dagbókina með tölvupósti var talið nauðsynlegt að aðstoða stefnanda vegna líðanar hennar. Stefnda B átti fund með stefnanda ásamt nefndum G og síðar fundi með móður stefnanda þar sem unnið var að því að aðstoða stefnanda. Taldi stefnda ljóst af samtölum við móður stefnanda að móðurinni og stefnanda væri kunnugt um að hún hefði fengið dagbókina í hendur. Þessu hafa stefnandi og móðir hennar mótmælt. Að teknu tilliti til þeirrar stöðu sem uppi var varðandi líðan stefnanda verður að ætla að stefnda B hafi verið í góðri trú þegar hún tók við og geymdi dagbókina í fórum sínum. Það verður því ekki metið henni til sakar að hafa ekki með formlegum hætti aflað samþykkis fyrir vörslu dagbókarinnar.

Ekkert hefur komið fram í málinu sem bendir til þess að stefnda B hafi veitt öðrum upplýsingar um innihald dagbókarinnar en félagsmálastjóra, sem stefnandi hafði í tölvupósti til vitnisins G nefnt sem aðila sem hún vildi ræða við um líðan sína. Í tölvupóstinum til G tekur stefnandi fram að G sé heimilt að senda „punkta eða komment“ til félagsmálastjórans og nafngreindrar konu. Stefnda lýsti því að í samtali við saksóknara í máli ákærvaldsins á hendur eiginmanni hennar hafi hún ekki greint frá innihaldi dagbókarinnar heldur hafi í samtali þeirra komið upp að í skólanum væru ákveðin gögn. Þá bar stefnda B sem vitni fyrir dómi í nefndu máli ákærvaldsins gegn eiginmanni hennar að hún hefði engum sagt frá efni dagbókarinnar, öðrum en móður stefnanda og þeim tveimur sem stúlkan hefði vísað á. Telst þannig ósannað að stefnda B hafi upplýst um innihald dagbókarinnar

umfram það sem stefnandi hafði sjálf heimilað. Hefur hún því ekki veitt slíkar upplýsingar um innihald dagbókarinnar að í því felist ólögmet meingerð í garð stefnanda.

Stefnandi heldur því fram að afhending stefndu B á dagbókartextanum til ríkissaksóknara hafi verið ólögmet. Við munnlegan flutning málsins hélt lögmaður stefnanda því fram að stefndu B hafi verið óheimilt að afhenda ríkissaksóknara dagbókarskrif stefnanda þar sem vörslur textans hafi verið ólögmetar og henni hvorki skylt né heimilt að bera vitni um efni hans. Því eigi síðari málsliður 135. gr. laga um meðferð sakamála við í máli þessu. Leggja verður til grundvallar að aðdragandi afhendingar dagbókarinnar til ríkissaksóknara hafi verið sá að stefnda B hafi, eins og áður er getið, haft samband við ríkissaksóknara og greint frá því að hún hefði dagbók stefnanda undir höndum án þess að upplýsa um innihald dagbókarinnar. Saksóknari taldi rétt að fá dagbókina í sínar hendur en ætla verður að það hafi verið gert í þeim tilgangi að meta hvort leggja ætti hana fram í sakamálinu á hendur eiginmanni stefndu B. Ríkissaksóknari ritaði því E bréf og óskaði eftir því að dagbók í eigu stefnanda, sem væri í vörslum skólastjóra, yrði afhent embætti ríkissaksóknara. Í bréfinu vísaði ríkissaksóknari til 135. gr. laga um meðferð sakamála. Stefnda B fékk dagbókina senda til sín með þeim hætti og af þeim ástæðum sem áður er greint frá. Þá hefur dómurinn áður metið það svo að stefnda hafi verið í góðri trú varðandi viðtöku og vörslur dagbókarinnar. Af þeim sökum bar henni að afhenda ríkissaksóknara dagbókina þegar embættið fór þess á leit við hana. Meint vanhæfi stefndu B við afhendingu dagbókarinnar breytir ekki þessari niðurstöðu, enda verður að ætla að annar aðili, yfirmenn stefndu B eða stefnandi máls þessa, hefði þá að kröfu ríkissaksóknara afhent textann. Við mat á því hvort stefnda B hafi með afhendingu dagbókartextans gerst sek um ólögmeta meingerð í garð stefnanda verður að horfa til þess að hún afhenti hann að kröfu æðsta handhafa ákærvalds sem í starfi sínu þarf að gæta að þeirri meginreglu sakamálaréttarfars að leitast við að leiða hið sanna í ljós eftir því sem kostur er en ætla verður að textinn hefði að endingu komist í hendur ríkissaksóknara sem leggja þurfti mat á hvort hann hefði sönnunargildi í sakamáli.

Með vísan til þess sem að framan er rakið ber að sýkna stefndu B af kröfum stefnanda í máli þessu. Ákvæði laga um persónuvernd og grunnskóla sem stefnandi vísar til breytir engu um þessa niðurstöðu. Af þessu leiðir að stefndi D er einnig sýkn af kröfum stefnanda.

Að fenginni þessari niðurstöðu verður stefnandi dæmdur til að greiða stefndu málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 350.000 krónur til hvors stefnda um sig. Stefnda B er ekki virðisaukaskattsskyld og ber því að leggja virðisaukaskatt við tildæmdan málskostnað henni til handa. Stefnandi hefur gjafsókn í máli þessu og greiðist gjafsóknarkostnaður hennar, þar með talin þóknun lögmanns hennar að fjárhæð 439.250 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, úr ríkissjóði.

Af hálfu stefnanda flutti málið Margrét Gunnlaugsdóttir hæstaréttarlögmaður, af hálfu stefndu B Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður og af hálfu stefnda D Hilmar Gunnarsson héraðsdómslögmaður.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, B og D, eru sýkn af kröfum stefnanda, A

Stefnandi greiði stefndu B 439.250 krónur í málskostnað að meðtöldum virðisaukaskatti. Stefnandi greiði stefnda D 350.000 krónur í málskostnað.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin 439.250 króna þóknun Margrétar Gunnlaugsdóttur hæstaréttarlögmanns, greiðist úr ríkissjóði.

Halldór Halldórsson